

# 253. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 16. ÁGÚST 2016 KL 9:30

---

## DAGSKRÁ

---

1. Fundarsetning og fundargerðir síðustu funda.
2. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs, starfsskyldur.
3. Kirkjuþing 2016. Undirbúningur og málatilbúnaður kirkjuráðs fyrir þingið.
4. Fjármál.
  - a) Fundargerð fjármálahóps.
  - b) Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar.
  - c) Stórolfshvolfssókn, erindi.
  - d) Jón Vídalín. Erindi frá sr. Torfa Stefánssyni.
  - e) Ársreikningur Jöfnunarsjóðs 2015.
  - f) Reikningar kirkjumálasjóðs, í framhaldi af fundi frá því í júní.
5. Fasteignir.
  - a) Fundargerð kirkjustarfshóps.
  - b) Staðastaður.
  - c) Húsnæði Tónskólans.
  - d) Ljósleiðari á kirkjujarðir.
6. Samningur milli Biskupsstofu og kirkjuráðs (drög að þjónustusamningi lagður fram af biskupi á fundi kirkjuráðs 5. apríl sl.).
7. Aldraðir og öryrkjar, viðmið grunnframfærslu. Óska eftir fundi með samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar sbr. lög nr. 12/1982.
8. Skálholt, ósk ábúanda um veðheimild vegna kaupa á viðbótarmjólkurkvóta.
9. Önnur mál.
  - a) Líf og sál ehf.
  - b) Umsóknir í kirkjumálasjóð.
  - c) Ritari kirkjuráðs.
  - d) Verndarsjóður Skálholtskirkju.
  - e) Framkvæmdastjóri kirkjuráðs, tímabundin ráðning.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐIR SÍÐUSTU FUNDA

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Á fundinum voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Einar Karl Haraldsson, varamaður, sem sat fundinn í fjarveru Svönu Helenar Björnsdóttur.

Vígslubiskupi Skálholtsumdæmis var falið, af biskupi Íslands, að stýra fyrstu tveimur liðum fundarins og var biskup Íslands fjarverandi undir þeim dagskrárliðum.

Jafnframt sat fundinn Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Gestur Jónsson, lögmaður, sat fundinn undir dagskrárliðum eitt og tvö.

Vígslubiskup Skálholtsumdæmis setti fund með ritningarlestri og bæn.

Fundargerðir 251. og 252. kirkjuráðsfunda voru undirritaðar.

---

## 2. FRAMKVÆMDASTJÓRI KIRKJURÁÐS, STARFSSKYLDUR

---

Vígslubiskup gaf Gesti Jónssyni orðið, sem reifaði stöðu málsins.

Kirkjuráð samþykkti að leysa framkvæmdastjóra kirkjuráðs frá starfsskyldum sem framkvæmdastjóri kirkjuráðs og samþykkti að fela henni verkefni á fasteignasviði. Kirkjuráð samþykkti að fela Svönu Helen Björnsdóttur, kirkjuráðsmanni, ásamt Gesti Jónssyni að leiða þær breytingar fyrir hönd kirkjuráðs.

---

## 3. KIRKJUÞING 2016

---

Rætt um hvaða málum kirkjuráð ætlar að beita sér fyrir á komandi kirkjuþingi. Kirkjuráð mun fjalla um málið á næsta fundi.

---

## 4. FJÁRMÁL

---

a. Fundargerð fjármálahóps.

Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs lögð fram og kynnt.

b. Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar.

Kirkjuráð tók vel í þær hugmyndir sem komu fram í skýrslu og fjárhagsáætlun nefndar um fimm alda minningu siðbótarinnar. Kirkjuráð samþykkti að veita nefndinni vilyrði fyrir 13 m.kr. fjárveitingu sem nefndin sækir um samkvæmt fjárhagsáætlun. Vilyrðið er háð því að

svigrúm sé í kirkjumálasjóði en það kemur í ljós við heildarfjárhagsáætlunargerð kirkjumálasjóðs og fer afgreiðsla málsins fram á úthlutunarfundi kirkjuráðs í desember.

*c. Stórólfshvolfssókn.*

Bréf fulltrúa Stórólfshvolfssóknar dagsett 15. ágúst sl. lagt fram og kynnt.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindi fulltrúa sóknarnefndar.

Kirkjuráð samþykkti að fela starfsfólki fasteignasviðs Biskupsstofu að kynna sér málið í héraði.

*d. Jón Vídalín. Erindi frá sr. Torfa Stefánssyni.*

Erindi og umsókn um fjárveitingu lagt fram frá undirbúningshópi sem hefur í hyggju að láta rita og gefa út ævisögu Jóns Vídalín Skálholtsbiskups í tilefni af því að um þessar mundir eru 350 ár frá fæðingu hans (2016), 300 ár frá fyrstu útgáfu Húspostillunnar (2018) og 300 ára ártíðar hans (2020).

Kirkjuráð tók vel í erindið og mun afgreiða umsóknina við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2017.

*e. Ársreikningur Jöfnunarsjóðs 2015.*

Kirkjuráð undirritaði ársreikning Jöfnunarsjóðs sókna 2015.

*f. Reikningar kirkjumálasjóðs, frekari upplýsingar frá 251. kirkjuráðsfundi, liður 2 a iii.*

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir frekari upplýsingum, tölulegum upplýsingum um reikninga og viðfangsefni kirkjumálasjóðs, sem kynntir voru á 251. kirkjuráðsfundi.

---

## 5. FASTEIGNIR

---

*a. Fundargerð kirkjustarfshóps.*

Fundargerð kirkjustarfshóps lögð fram og kynnt.

*b. Staðastaður.*

Bréf frá Landslögum-lögfræðistofu til biskups og kirkjuráðs dagsett 7. júlí sl. er varðar kröfu séra Páls Ágúst Ólafssonar um efndir ráðningarkjara og tjónsbætur.

Biskup kynnti málið og mun vinna það áfram.

*c. Húsnæði Tónskólans.*

Biskup kynnti hugmyndir að flutningi húsnæðis Tónskóla þjóðkirkjunnar úr Grensáskirkju í Háteigskirkju.

Kirkjuráð samþykkti að gerð verði kostnaðaráætlun um þær breytingar sem lagðar verði á ný fyrir kirkjuráð.

*d. Ljósleiðari á kirkjujarðir.*

Samkvæmt samningi milli Þingeyjarsveitar og Tengis hf. leggur Tengir ljósleiðara um sveitina og inn í íbúðarhús. Upplýsingar voru lagðar fram frá Tengi varðandi samþykki fyrir inntaki og lagnaleið fyrir inntak ljósleiðara.

Kirkjuráð tók vel í málið og samþykkti að fela verkefnisstjóra fasteigna að vinna málið.

---

## 6. SAMNINGUR MILLI BISKUPSSTOFU OG KIRKJURÁÐS

---

Biskup ræddi á ný um þau drög að samningi milli Biskupsstofu og kirkjuráðs, sem lögð voru fram á fundi kirkjuráðs 5. apríl sl.

Kirkjuráð samþykkti að taka málið upp á næsta fundi.

---

## 7. ALDRAÐIR OG ÖRYRKJAR, VIÐMIÐ GRUNNFRAMFÆRSLU

---

Biskup sagði frá fundi sínum sem hún átti með fulltrúum öryrkja og aldraðra sem fram fór á Biskupsstofu mánudaginn 8. ágúst sl.

Biskup lagði til að kirkjuráð óski eftir fundi í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar sbr. lög sem um hana gilda nr. 12/1982.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir fundi í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti einnig að beina því til þjóðmálanefndar að láta sig málið varða.

---

## 8. SKÁLHOLT, ERINDI FRÁ ÁBÚENDUM

---

Erindi frá ábúendum Skálholtsjarðarinnar, dagsett 12. ágúst sl. lagt fram.

Í samræmi við álit vígslubiskups og stjórnar Skálholtsstaðar samþykkti kirkjuráð að veita ábúendum Skálholtsjarðarinnar heimild til að veðsetja Skálholtsjörðina til kaupa á allt að 74 þúsund lítra viðbótar mjólkurkvóta.

---

## 9. ÖNNUR MÁL

---

*a. Líf og sál ehf.*

Séra Elínborg Gísladóttir, kirkjuráðsmaður, kynnti tillögur vinnustaðasálfræðinga um úrbætur í samskiptum kirkjuráðs og starfsfólks Biskupsstofu. Lagt er til að einn fulltrúi kirkjuráðs fundi ásamt einum stjórnanda Biskupsstofu með sálfræðingi frá Líf og sál til að leggja upp vinnuplan fyrir kirkjuráð og starfsfólk Biskupsstofu.

Kirkjuráð samþykkti að fela séra Elínborgu Gísladóttur að vinna málið fyrir sitt leiti. Biskup mun fela skrifstofustjóra að vinna málið fyrir hönd stjórnanda Biskupsstofu.

*b. Umsóknir í Kirkjumálasjóð.*

Kirkjuráð samþykkti að fela Magnhildi Sigurbjörnsdóttur, verkefnisstjóra, að flokka og vinna umsóknir í kirkjumálasjóð til að leggja fyrir haustfund kirkjuráðs.

*c. Ritari kirkjuráðs.*

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra kirkjuráðs að rita fundargerðir kirkjuráðs frá og með næsta fundi.

*d. Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju.*

Kirkjuráð skrifaði undir skipunarbréf stjórnarmanna í Verndarsjóð Skálholtsdómkirkju.

*e. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs, tímabundin ráðning til að sinna verkefnum framkvæmdastjóra.*

Kirkjuráð samþykkti að ráða Odd Einarsson til að sinna starfsskyldum framkvæmdastjóra kirkjuráðs tímabundið í ljósi samþykktar kirkjuráðs á þessum fundi undir dagskrárlið 2. Kirkjuráð samþykkti að forseti kirkjuráðs gangi frá þeirri ráðningu.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45.

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu þriðjudaginn 13. september nk.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
biskup Íslands.

---

Kristján Valur Ingólfsson,  
vígslubiskup Skálholtsumdæmis.

---

Þorvaldur Víðisson,  
biskupsritari.

---

Séra Elínborg Gísladóttir.

---

Séra Gísli Gunnarsson.

---

Stefán Magnússon.

---

Einar Karl Haraldsson.